

Mýrin

minningaþáttur eftir Lindu Vilhjálmsdóttur

Ég hef enn ekki fundið nógu gott orð í móðurmálinu til að lýsa skugganum sem hefur fylgt mér frá blautu barnsbeini og alla tíð verið mitt mesta mein. Ég hef notast við orð eins og ótti, óstöðugleiki, óöryggi, öryggisleysi og jafnvel gengið svo langt að nota meðferðarfrasann ofvaxin öryggisþörf en ekkert af þessum orðum nær að lýsa tilfinningunni sem stundum steypist yfir mig eins og hrægammur en er ofast nær viðvarandi og þá líkari sjóriðu eða þeirri ógleði sem fylgir því að hafa ekki fast land undir fótum.

Raunveruleikinn hefur alla tíð verið of dúandi fyrir minn smekk og kannski er það einmitt rétta lýsingin. Sem er mjög vel við hæfi þegar það er haft í huga að æskuminningar mínar eru flestar úr mýrinni þar sem pabbi minn fæddist og þar sem ég ólst upp frá fimm ára aldri. Mýrinni sem tengdi Nesið við Reykjavík og var varla meira en svolítill grandí eða eiði á þessu svæði sem kallaðist framnes.

Norðan megin við Nesveginn þar sem við bjuggum á efri hæðinni hjá ömmu niðri var mýrin að stórum hluta til sundurgrafin af skurðum frá því afi minn og aðrir frumbýlingar reyndu að ræsa hana fram. Sá hluti sem enn var þýfður og við krakkarnir kölluðum móa tilheyrði Reykjavík og var girtur af með gaddavír. Túnin, ef tún skyldi kalla, voru sömuleiðis hólfað af með girðingum og þar voru menn enn með skepnuhald á þessum árum. Meyvant á Eiði var með fjárhús og rollur á sínum skika alla sína búskapartíð og í Kolbeinsstaðamýrinni voru hestar á beit megnið úr árinu fram undir 1970. Í Tjarnarmýrinni hinum megin við Nesveginn voru svo einhverjir herra menn sem við sáu aldrei en kölluðum Örn og Falk með hænsnakofa og hesthús fyrstu árin okkar á Nesinu og þar voru á tímabili geitur, hænur og hross.

Um svipað leyti og við settumst þarna að var borgin farin að nota móann og fjöruna sín megin sem ruslahaug enda taldist það svæði vera í útjaðri bæjarins og líkast til var ekki gert ráð fyrir íbúðarhúsum þar þótt það lægi milli Bráðræðisholtsins og Skjólanna. Þá sturtuðu öskubílarnir ruslinu í hauga í móann og síðan tóku skurðgrafa og jarðýta við og veltu því til og ýttu því út yfir mýrina þar til búið var að fletja hana út. Þegar því var lokið kom pallbíll og sturtaði mold eða sandi í hrúgur sem grafan og ýtan dreifðu svo yfir ruslamóann eftir behag. Sennilega hefur svo átt að sá í þetta grasfræi eða tyrfa það en ég man ekki eftir þessum ruslahaug öðruvísi en sem sístækkandi moldarbing eða ruðningi sem ruslið stóð hér og þar út

úr. Þetta var auðvitað argasti sóðaskapur á okkar tíma mælikvarða og hvernig svo sem á það er lítið en hefur líklega þótt fyrirtaks landfylling á þessum árum. Þegar ég var að ferðast um Arabalönd tæpri hálfri öld síðar sá ég svona hauga stundum þegar við keyrðum inn eða út úr sveitaþorpunum. Þar var það augljóst fyrir fólk með okkar neysluvenjur að heimamenn höfðu enn ekki áttað sig á því að þetta vestræna umbúðadót sem fylgir markaðsfrelsinu margrómaða samlagast ekki náttúrunni.

Í þessum móa þar sem nú eru rándýr raðhús og einbýlishús lékum við systurnar okkur í nokkur ár og áttum þar hver sitt bú. Mitt var með stórri stásstofu þar sem við létum fara vel um okkur í mjúkum þúfusófa sem hringaði sig kringum svolítið þúfuborð. Mömmu var alltaf frekar illa við að lékjum okkur þarna og þegar haugurinn fór að færast nær fékk hún pabba til að smíða handa okkur lítinn búkoka bak við gamla hæsnaskúrinn hans afa. Kofinn var fínasta hús samanborið við móabúin og við máluðum hann hvítan að innan og utan og innréttingin sem samanstóð af plankabekk og tveimur hillum var lökkuð ljósblá. Þarna elduðum við gómsætar tannkremsupur sem við bárum fram með hundasúrusalti. Svo gátum við líka látið sem glugginn væri lúga og farið þarna í búðarleik. Þegar við stálpuðumst var kofinn ágætis staður til að sitja þétt upp við strákana sem við vorum skotnar í eftir brenniboltaleikina eða vítaspyrnukeppnirnar sem fóru fram á blettinum austan við hæsnaskúrinn.

Annars var ekki eins og okkur skorti leikvelli í þessari mýrarparadís sem á uppvaxtarárum mínum stóð á mörkum strjálbýlis og þéttbýlis og var hvorki sveit né bær. Við höfðum allt til alls og þó að mæðurnar reyndu ýmislegt til að halda börnum sínum í sjónmáli gáfust þær flestar upp á því fljótlega eftir að beislinu og bandinu sleppti. Til viðbótar við tjarnirnar skurðina og móann höfðum við fjöruna báðum megin við okkur með öllum sínum undrum bæði náttúrulegum og manngerðum, lífrænum, ólífrænum og sumum baneitruðum.

Norðan megin var stórkostlegt samansafn af sjóvolknu rusli sem ýmist rak þar á land eða fauk þangað af haugunum og þar var gaman að gramsa og leita að verðmætum um leið og við tíndum upp slípuð glerbrot sem fóru í steinasafn okkar stelpnanna ef þau voru nógu falleg á litinn eða sérstök í laginu.

Skerjafjarðarmegin lá skolprörið beint út í fjöruna neðan við Sæból og náði ekki úti sjó nema á flóði og þar var meira af klósettpappír, mannaskít og svoleiðis drullu innan um þarann. Sjórinn var yfirleitt stilltari þar og allt miklu líflegara þrátt fyrir kúkin eða ef til vill vegna hans. Við sóttum mikið þangað til að safna skeljum, kuðungum og öðru fíneri eins og ígulkerum og kröbbum sem fundust þar stöku sinnum og líka til að sulla og fylgjast með lífinu í pollunum innan um steinana þar sem síli, krossfiskar og fleiri smádýr svömluðu innan um slýið. Við hliðina á skolprörinu var rygðuð dráttarbraut og í sandinum ofan við steinagarðinn

sem var hlaðinn efst í fjörunni lágu nokkrar gamlar og fúnandi trillur á hvolfi innan um haug af ónýtum netadræsum sem grotnuðu þar niður. Kannski átti Magnús á Sæbóli allan þann flota en hann var líka með eina glansandi fína trillu þarna sem hann dyttaði mikið að og þótt hann væri ekki í alvöruútgerð eins og kallarnir við dráttarbrautirnar í Sörlaskjólínu og við Ægisíðuna þá lagði hann rauðmaganet á hverju vori og fór öðru hverju á sjó að sækja sér í soðið.

Húsakosturinn í þessari þyrpingu á framnesinu frá öldinni miðri og fram til 1970 endurspeglaði nokkuð vel sviptingarnar sem orðið höfðu á högum þjóðarinnar á ekki lengri tíma en hálfri öld og þar mátti greina þær breytingar sem urðu á samfélaginu í kjölfarið. Þarna voru byggð glæsileg steinsteypuhús og virðuleg timburhús uppúr 1920. Þau hús voru flest tvílyft með góðum kjallara og risi eins og ættaróðalið Grænamýri sem föðurforeldrar mínir reistu á þeim tíma. Þau fluttu þar inn árið 1925 og um sama leyti var farið að byggja við þau híbýli sem fyrir voru á næstu lóðum og í Lambastaðahverfinu.

Svo kom herinn og á fyrstu árum hersetunnar var allt morandi í hermönnum á Nesinu enda voru þeir þar með fallbyssur, byrgi og aðrar bækistöðvar. Það voru að minnsta kosti tveir kampar á framnesinu með tilheyrandi bröggum, skemmum og skálum sem heimamenn lögðu svo undir sig um leið og herinn flutti sig til. Í fjörukambinum neðan við Sæból voru tveir skálar sem kanadamenn höfðu notað sem lager og viðgerðarverkstæði þegar pabbi var polli. Tuttugu árum síðar var annar skálinn orðinn að fjölbýlishúsi og þar bjuggu yfirleitt tvær til þrjár fjölskyldur og nokkir einhleypir karlmenn.

Við Kolbeinsstaði var útihús sem herinn lagði undir sig og gerði að krá fyrir sína menn en eftir að þeirri starfsemi lauk flutti húsnaðislaus fjölskylda inn í þetta fyrrverandi fjós sem svo fór að hlaða utan á sig bíslögum þegar skyldmennin tóku að streyma í bæinn úr sveitinni. Þessi skúraklasi stóð svo sem mannhæð beint uppúr Nesveginum og var breiðastur þar fremst en lá síðan eins og ormur út í Kolbeinsstaðamýrina. Útihúsin tóku yfir Kolbeinsstaðaheitið og óðalið reisulega breyttist í Stóra-Ás eftir að annað og minna hús sem kallaðist Ás var byggt hinum megin við það. Þau voru fleiri útihúsin, skemmurnar og kofarnir sem klastrað var saman við bíslög og þau síðan notuð sem mannabústaðir meðan húsnaðisekkan á mölinni var sem verst. Uppúr miðri öldinni fóru svo þeirra tíma athafnamenn að koma sér upp vinnuaðstöðu fyrir smáíðnað, viðgerðir og ýmislegt fleira í túninu heima enda var varla skúralaus lóð þarna í mýrinni þegar ég var að alast þar upp.

Afi minn og granni hans í næsta húsi voru fyrstir til að stunda óhefðbundinn búskap á sínum tíma. Afi flutti inn ítalskar hænur og kalkúna og var með útungunarvélar í kjallaranum á Grænumýri og Ísak var með svínabú á Bjargi. Þeir dóu báðir löngu fyrir mína tíð en eftir

stóð hænsnakofinn heima sem amma leigði undir timburgeymslu til að drýgja tekjurnar og dágóð skemmusamstæða á Bjargi sem sonur Ísaks og tengdasynir notuðu sem verkstæði. Þar var rafvirkjaverkstæði í einni skemmunni og bílasprautun í öðrum tveimur. Auk þess voru nokkrir hjallar bakatil á lóðinni og einn þeirra var leigður út til Dóra sem saumaði skólatöskur og yfirdekkti bílsæti á dimmu og loftlausu leðurverkstæði þar sem við sníktum stundum leður í olnbogabætur eða pennaveski.

Það var gert við bíla í skúr á Egilsstaðalóðinni og eitthvað var fengist við bíla í kringum herskálann á Sæbólslóðinni sem gekk undir nafninu Elliði. Svo var Magnús með þurrkhjall og trönur á planinu neðan við Sæból þar sem hann verkaði hákarl og hengdi upp grásleppu og þorsk sem átti að síga. Þar á milli við Sólberg var lítill smíðaskúr þar sem Jói gamli með prikið smíðaði dúkkurúm og brúðuvagna og stundum smíðaði hann heilu smíðaskúrana fyrir aðra karla sem síðan voru hífdir upp og fluttir burt á pallbíl.

Í Lambastaðahverfinu var fjölskylda með þrjónastofu í bílskúr sem þrjónaði munstraðar krakkapeysur í massavís eins sjá má á öllum bekkjarmyndum sem teknar voru í barnaskólum á höfuðborgarsvæðinu á þessum árum. Og uppi á Hæðarenda skáhallt á móti bröggunum þremur eða fjórum sem búið var í eitthvað fram á áttunda áratuginn stóð sjálfur Ísbjörninn hf. með sitt stóra frystihús og skemmur fyrir saltfisk og skreiðarvinnslu. Ísbjarnarmenn höfðu líka lagt undir sig stóran hluta Melshúsatúnsins og reist þar trönur til að þurrka skreið. Í rauninni vantaði ekkert nema bryggjuna og kannski kirkjuna til að framnesið væri eins og hvert annað pláss úti á landi.

Það var allt annar og raffíneraðri bragur á skipulögðu hverfunum sem voru að byggjast upp sitt hvoru megin við mýrina. Borgarmegin voru skjólin, melarnir og hagarnir að taka á sig mynd og Nesmegin voru brautirnar og strandirnar að raða sér upp kringum Valhúsahæðina. Þar var verið að byggja nútímalegar blokkir, fjölbýlishús, raðhús og einbýlishús með jöfnu og útreiknuðu bili milli húsanna annars vegar og gatnanna hins vegar. Þar voru garðarnir, húsín og íbúðirnar allt öðruvísi í laginu en við krakkarnir í mýrinni áttum að venjast. Og jafnaldrar okkar í nýju hverfunum sem áttu sérherbergi og fengu öll smörtustu fötin og flottasta dótið sem fékkst í búðunum komu okkur álíka spánskt fyrir sjónir og frændur og frænkur í útlöndum þar til við byrjuðum í skóla.